




Miðannarmat

Nú er miðannarmat komið í INNU og má sjá það á nemendavef INNU. Miðannarmatið er fyrst og fremst hugsað sem skilaboð til nemenda um hver staða þeirra er í námi á þessari stundu. Ef niðurstaðan er ekki nægjanlega góð er enn hægt að slá í klárinn og reyna að vinna upp gamlar syndir. Við hvetjum foreldra til að skoða niðurstöðurnar með unga fólkinu og hvetja það til dáða.

Foreldrar hafa sjálfstæðan aðgang að INNU og geta látið senda sér lykilorð í netpósti ef þeir hafa gleymt eða týnt lykilorðinu.



Próftaflan

Próftafla fyrir haustönn 2014 er komin á heimasíðu skólans og má sjá [hér](#).

Tilkynna skal veikindi áður en próf hefst í síma skólans, 5201600, og skila vottorði frá lækni eða forráðamanni á skrifstofu skólans áður en komið er í sjúkrapróf. Nemendur, sem þurfa að taka tvö eða fleiri próf sama dag, geta sótt um að taka próf á sjúkraprófstíma. Umsóknir um það þurfa að berast í síðasta lagi 17. nóvember. Berist umsóknir síðar (í síðasta lagi 21. nóvember) þarf að greiða 2.200.- kr. gjald. Áfangar merktir -fj. í próftöflu eru eingöngu fjarnámshópar.

Brautskráning fer fram í hátíðarsal skólans laugardaginn 20. des. kl.11.

Tapas og Paella á Spáni

Þær höfðu það gott á Spáni, stelpurnar í Spánar-áfanga Snædísar, en þann 9. október skruppu þær til borgarinnar Valencia. Þar kynntu þær sér mannlíf og menningu borgarinnar. Þær lentu meðal annars á einskonar "þjóðhátíð", borðuðu bæði Tapas og Paellu og dýfðu tánum í hið sögufræga Miðjarðarhaf. Myndin sýnir að hitastigið var þægilegt.

